# Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2016

## Rekstrar- og efnahagsreikningur ásamt greinargerð



# Innihald


Formáli bæjarstjóra ........ 2

Fjárhagsáætlun 2015 ........ 8

Rekstrarreikningur ........ 8

Efnahagsreikningur ........ 9

Sjóðsstreymi ........ 11

Rekstraryfirlit A og B hluta ........ 12

Efnahagsreikningur A og B hluta ........ 13

Sjóðsstreymi A og B hluta ........ 14

Helstu kennitölur ........ 15

Fjárfestingaáætlun 2015 ........ 18

Greinagerð fjárhagsáætlunar 2015 ........ 19

00 Skatttekjur ........ 19

02 Félagsþjónusta ........ 20

04 Fræðslumál ........ 24

05 Menningarmál ........ 27

06 Æskulýðs- og íþróttamál ........ 29

07 Brunamál og almannavarnir ........ 31

08 Hreinlætismál. ........ 31

09 Skipulags- og byggingarmál ........ 32

10 Umferðar- og öryggismál ........ 32

11 Umhverfismál. ........ 33

13 Atvinnumál ........ 34

21 Sameiginlegur kostnaður ........ 35

28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ........ 37

31 Eignasjóður ........ 38

33 Þjónustumiðstöð ........ 38

41 Hafnarsjóður ........ 38

43 Vatnsveita ........ 39

53 Þjónustuíbúðir ........ 40

55 Eyri hjúkrunarheimili, rekstur ........ 40

57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar ........ 41

61 Fráveita ........ 41

63 Funi ........ 41

# Formáli bæjarstjóra

## Helstu niðurstöður

Í fjárhagsáætlun 2016 er gert ráð fyrir 23,4 m.kr. rekstrarafgangi samstæðunnar. Reiknað er með að veltufé frá rekstri verði 433 m.kr. og fjárfestingar 192 m.kr. Að öðru jöfnu ættu því langtímaskuldir Ísafjarðarbæjar að geta lækkað um 240 m.kr. frá ársbyrjun til ársloka.

Langtímaskuldir verða um 4,4 milljarðar króna í lok árs 2016, að frátöldum næsta árs afborgunum að fjárhæð 278 m.kr. og lífeyrisskuldbindingar um 1,3 milljarða króna. Heildarskuldir og skuldbindingar verða alls um 6.300 milljónir króna.

Standist sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram ætti skuldahlutfall Ísafjarðarbæjar skv. skuldaviðmiði Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að standa í um 126% í árslok 2016, þegar tekið hefur verið tillit til lækkunar vegna hjúkrunarheimilis og lífeyrisskuldbindinga.

## Áherslur

Eins og á árinu 2015 er mikil áhersla lögð á umhverfi íbúanna, gangstéttir og göngustíga, opin svæði, gróðurhirðu og snyrtimennsku. Aðgerðir á þessum sviðum bæta mjög lífsgæði íbúanna og eru til þess fallnar að auka stolt þeirra og ánægju af að búa í sveitarfélaginu. Í þessu skyni verður varið fé til viðhalds á gangstéttum og göngustígum. Í sama skyni er gert ráð fyrir tímabundinni fjölgun hafnarstarfsmanna, í þeim tilgangi að taka til í umhverfi hafna.

Grunnskólarnir er áhersluþáttur eins og verið hefur og meðal annars er haldið áfram mikilli tæknivæðingu, en með sérstökum samningi við rágjafafyrirtæki er lögð rík áhersla á að tækin nýtist að fullu í náminu.

Sem fyrr er talið mikilvægt að veita góða þjónustu í leikskólamálum og koma í veg fyrir að biðlistar myndist, en stefna sveitarfélagsins hefur í nokkur ár verið að börn 18 mánaða og eldri fái leikskólapláss. Þannig er reiknað með fjármagni í viðbótarlausn í leikskólamálum svo koma megi í veg fyrir að biðlistar myndist á árinu 2016, auk þess sem hafin verður skoðun á fjölgun leikskólarýma til framtíðar.

Meira fé er nú sett í íþróttir en áður hefur verið. Nýr samstarfssamningur við HSV hefur verið gerður og vegna hans er bætt töluvert í frá því sem verið hefur, s.s. með aukningu fjár í afreksstyrki og íþróttaskóla. Auk þess er haldið áfram með uppbyggingarsamninga til íþróttafélaga, en þeir hafa ekki verið gerðir fyrr en á yfirstandandi kjörtímabili og eru íþróttafélögum vítamínsprauta til átaks og aðgerða.

Í 2-3 ár hefur verið rætt mikið um möguleikana á að starfrækja Vinnuver á Ísafirði, sem nú hefur runnið inn í það sem kallast Fjölsmiðja, í áætlun 2016 leggur Ísafjarðarbær þessu verkefni til fé. Fjölsmiðja verður iðja og starfsendurhæfing, hæfing fyrir einstaklinga sem eru á fjárhagsaðstoð og geðræktar-miðstöð. Gert er ráð fyrir aðkomu sveitarfélaganna Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps. Einnig er gert ráð fyrir aðkomu Starfsendurhæfingar Vestfjarða, Vesturafls, mennta -og menningarmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Fjölsmiðjunni verður stýrt af Starfsendurhæfingu og Vesturafli.

Svigrúm er í áætlun fyrir nýju stöðugildi í bókhaldi vegna ýmissa sérverkefna sem eykur möguleika og afköst í fjármálaumsýslu og upplýsingagjöf. Einnig er bætt við hálfu stöðugildi félagsráðgjafa, en það er talið forgangsmál svo veita megi fullnægjandi þjónustu á fjölskyldusviði.

Gert er ráð fyrir launahækkunum í ógerðum kjarasamningum með sérstökum launapotti og einnig er nú áætlað fyrir veikindapotti sem byggir á 2ja vikna veikindum hjá Ísafjarðarbæ. Samsvarar hann um 2% af grunnlaunum. Vonir standa því til að fjárhagsáætlun sé mjög traust að þessu leyti.

Verulega var dregið úr fyrirhuguðum fjárfestingum á árinu 2016 í ljósi þess að framkvæmdir við hjúkrunarheimili fóru fram úr áætlun. Þarna var um að ræða meira en 200 m.kr. sem meðal annars var fjármagnað með 150 m.kr. láni. Til að tryggja að skuldaviðmið verði eins og stefnt var mun bæjarsjóður greiða þetta niður, og gott betur, á árinu 2016.

## Fjárfestingartillögur 2016

Með hliðsjón af sjóðstreymisáætlun og skuldaaukningu vegna hjúkrunarheimilis eru fjárfestingar í fjárhagsáætlun innan við 200 m.kr. Af heildar fjárfestingum eru 40 m.kr. ætlaðar sem 10% framlag bæjarins í snjóflóðamannvirki og er það framlag fjármagnað með víkjandi lánum, þannig að í raun koma aðeins vextir til greiðslu um 10 ára skeið áður en lánið fellur niður.

Nú er sett til hliðar fé á fjárfestingaáætlun til þess að undirbúa hugsanlega stækkun á Eyrarskjóli til að auka leikskólapláss á Ísafirði. Æskilegt er að fé verði ætlað í framkvæmdir árið 2017 á fimm ára áætlun. Svo ánægjulega horfir að viðvarandi þörf verði fyrir aukið leikskólapláss, en einnig er orðin veruleg þörf á að bæta alla aðstöðu á Eyrarskjóli, þar hefur starfsfólk unnið kraftaverk að undanförnu í að halda vistlegan leikskóla við þröngar aðstæður.

Í tillögunum er, eins og áður segir, lögð áhersla á að haldið verði áfram af miklum krafti að bæta búnað í skólum sveitarfélagsins, en sveitarfélagið er komið í fremstu röð með tölvubúnað.

Aðkallandi er að fara í aðgerðir í nágrenni Edinborgarhússins, þar sem leggja þarf stéttar og snyrta allt í kringum húsið. Umhverfi Edinborgar er mjög áberandi í ásýnd bæjarins og gert er ráð fyrir þessu í fjárfestingum 2016.

Þegar búið er að tryggja að fjárhagsstaða bæjarins verði áfram traust er svo mjög æskilegt að geta í áföngum haldið áfram með hellulögn gömlu byggðarinnar í Tangagötu og nágrenni, enda hafa þær framkvæmdir mælst ákaflega vel fyrir hjá íbúum sveitarfélagsins og ferðamönnum. Samskonar átak mætti hugsanlega gera í framtíðinni í öðrum þorpum sveitarfélagsins, enda hentar steinlögn að flestu leyti mun betur á götur með lítilli umferð og er auk þess jákvæðari fjárfesting en malbik m.t.t. umhverfismála og efnahagsumsvifa í bænum.

Að nýju er hverfisráðum falið að hafa með úthlutun fjárfestinga að segja og er ætlað 1,5 m.kr. á hvert hverfisráð.

Áfram verður haldið með framlög til uppbyggingarsamninga við íþróttafélög samkvæmt tillögunum. Þetta fé er ætlað til að halda áfram með þá samninga sem tókust á árinu 2015 við Golfklúbb Ísafjarðar og Skíðafélag Ísfirðinga vegna Seljalandsdals. Fleiri samningar hafa ekki enn verið gerðir en verða settir á áætlanir síðari ára eftir því sem þeir nást.

Stofnfé í Fjölsmiðju (Vinnuver) er áætlað 5 m.kr. Slíkt framlag Ísafjarðarbæjar er talið nauðsynlegt til að koma starfseminni í fullnægjandi húsnæði.

Meginfjárfestingin í snjóflóðavörnum, 350 m.kr., verður upphaf þeirra stoðvirkja í Kubba sem eru nauðsynleg til að verja byggð í Holtahverfi, þannig að áhætta íbúa fari niður í mörk sem stjórnvöld telja ásættanleg. Loka áfanginn í vörnum ofan Eyrarinnar er svo áætlað að kosti 50 m.kr. Eins og áður segir eru þessar fjárfestingar að mestu fjármagnaðar af ríkisvaldinu.

Ætlunin er að framkvæmd verði hellulögn á Rómarstíg á Suðureyri á næsta ári. Sú framkvæmd tengist fjárfestingum og uppbyggingu einkaaðila í ferðaþjónustu og mun ráðast af því hvernig horfir með þær hugmyndir.

Tankbíll fékkst fyrir lítið fé til slökkviliðs á árinu og til að fullbúa hann þarf að fjárfesta í dælu. Gert er ráð fyrir þessum kaupum.

Átak var gert í umhverfi Byggðasafns Vestfjarða í sumar og er nú ráðstafað 3 m.kr. í sorp- og gasskýli við Tjöruhús svo ljúka megi því verki þannig að aðkoman verði snyrtileg.

Myndavélakerfi á Ásgeirsbakka er mikilvægur öryggisþáttur og auðveldar okkur að uppfylla kröfur vegna varna gegn hryðjuverkum. Áfram verður haldið með klæðningu Gamla olíumúlans.

Gert er ráð fyrir framkvæmdafé til mótframlags kr. 5 milljónir vegna framkvæmda við Skrúð í Dýrafirði, en stjórn Skrúðs og aðilar í ferðaþjónustu telja mikilvægt að fara í þessar framkvæmdir.

## Seinni tíma fjárfestingar

Til skoðunar eru kaup á húsnæði Ríkiseigna á fjórðu hæð og endurbætur á annarri hæð í Stjórnsýsluhúsin. Mikil þörf er fyrir þetta rými þar sem málefni fatlaðs fólks hafa valdið tilfærslu starfa frá ríki til sveitarfélags og því aukinn fjöldi starfsmanna Ísafjarðarbæjar til húsa í Stjórnsýsluhúsinu. Ef til þess kemur að húsnæðisþörf bæjarins í Stjórnsýsluhúsinu minnkar aftur skal bent á að félagsþjónustan er í leiguhúsnæði sem er talsvert dýrara en það húsnæði sem bærinn á sjálfur í Stjórnsýsluhúsinu og því mun frekar verða horft þangað ef húsnæðisþörf minnkar er fram líða stundir.

Huga þarf að því í framtíðinni að endurnýja þakið á íþróttahúsinu á Flateyri, en þar hefur aldrei tekist að koma í veg fyrir rakavandamál og leka. Um er að ræða stóra og mikla íþróttaaðstöðu í ásættanlegri vegalengd frá miðbæ Ísafjarðar sem á að geta nýst íbúum sveitarfélagsins vel. Líklega mun verkefnið teljast til viðhaldskostnaðar.

Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum vegna moltugerðar en talsverður áhugi hefur verið fyrir því að hefja moltugerð í sveitarfélaginu., slík fjárfesting gæti verið hluti af útboði ef til þess kemur. Ekki er heldur alveg ljóst hvaða leiðir verða farnar til að moltugera lífrænan úrgang í sveitarfélaginu, sem getur haft áhrif á val fjárfestinga. Komið hafa fram hugmyndir um að byggja upp útivistarsvæði þar sem Hlíðarskjól stóð áður, en einnig hafa verið reifaðar hugmyndir um grænmetisræktun tengt lífrænum úrgangi á þessu svæði.

Í umræðunni hefur verið að útbúa gervigrasvöll í fullri stærð á Torfnesi, með möguleika á upphitun. Einnig gæti hönnunarsamkeppni um Sundhöll Ísafjarðar leitt til framkvæmda sem ekki er enn búið að áætla. Fjárfestingar vegna stækkunar Eyrarskjóls gætu hugsanlega orðið á bilinu 60-100 m.kr., en það er enn óljóst.

Rætt hefur verið um að bæta aðkomu skipafarþega inn í bæinn og e.t.v. beina þeim upp að Byggðasafni. Ekki væri óeðlilegt að Ísafjarðarhafnir fjárfestu vegna þess á komandi árum og gæti hugsanlega verið á bilinu 20-30 milljónir króna.

Byggingu húss við Byggðasafn Vestfjarða sem m.a. mun hýsa Hornstrandastofu er ekki komið á áætlun. Líklegur kostnaður er ríflega 200 m.kr. og líkur eru á að árlegt fjárframlag fáist frá Umhverfisstofnun. Þarna mætti einnig hýsa Upplýsingamiðstöð og e.t.v. skrifstofuaðstöðu fyrir nokkra starfsmenn. Í þessu samhengi hefur einnig verið rætt um skipulag lóðar Byggðasafnsins í Neðstakaupstað með gjaldtöku inn á safnsvæðið í huga.

## Önnur mikilvæg atriði

Fyrir liggur að ljúka uppbyggingu lands á Suðurtanga neðan við núverandi fragtskipabryggju. Þar verðar margar góðar iðnaðarlóðir sem framleiðslufyrirtæki hafa þegar sýnt áhuga. Einnig er líklegt að stærri verslunarfyrirtæki vilji hasla sér völl á því svæði. Verkið kallar á að lokið verði uppfyllingu lands á Suðurtanga og er mikilvægt að setja þetta í forgang.

Meta þarf húsnæðisþörf eldri borgara og er það verkefni nú hjá félagsmálanefnd. Nýtt öldungaráð Ísafjarðarbæjar mun verða haft með í ráðum í þessu verkefni. Í framhaldi gæti verið æskilegt að sveitarfélagið hefði forgöngu um að koma húsbyggingarverkefnum af stað. Þess má þó geta að nýjar hugmyndir eru uppi um byggingu fjölbýlishúss, en slíkt húsnæði gæti þá m.a. verið góður valkostur fyrir íbúa sem komnir eru yfir miðjan aldur. Leitast verður eftir samstarfi við Húsbyggingarsjóð Þroskahjálpar um slíkt verkefni.

Rekstur Fasteigna Ísafjarðarbæjar er enn allt of erfiður og stafar það m.a. af mikilli skuldsetningu. Gera þarf eins og hægt er til að fækka þessum eignum og minnka samsvarandi skuldir með sem minnstum tilkostnaði. Einnig er talið að leiguverð sé of lágt og gæti þurft allt að 20-30% hækkun leiguverðs til að ná ásættanlegri afkomu, slík hækkun verður þó tæpast gerð í einu vetfangi.

Þrátt fyrir að fækka þurfi eignum í Fastís hlýtur Ísafjarðarbær að skoða leiðir til að auka framboð húsnæðis í sveitarfélaginu, ýmist með nýbyggingum eða að virkja eignir Íbúðalánasjóðs sem ekki eru í notkun. Rætt hefur verið um að fá skúrunum í Fjarðarstræti nýtt hlutverk, tengja þá nýframkvæmdum eða rýma fyrir nýjum byggingum.

Athygli skal vakin á því að ekki er gert ráð fyrir öðru en að fullt fjármagn fáist til að reka málefni fatlaðs fólks í sveitarfélaginu. Enn er þó staðið í stappi við ríkisvaldið um þau mál og útlit er fyrir 37 m.kr. tap Ísafjarðarbæjar af málaflokknum árið 2015 vegna vanfjármögnunar málaflokksins.

Minnisvarði um Kirkjubólsfeðga hefur enn ekki fengið nægilega ítarlega umfjöllun til að komast á framkvæmdastig. Almennt hefur þó hugmyndin þótt góð og vilji verið til að vinna áfram að henni.

## Þriggja ára áætlun

Ekki er reynt að meta áhrif verðbólgu í 3ja ára áætlun 2017-2019 og tölur því almennt á nafnverði. Hinsvegar er í framlagðri áætlun gert ráð fyrir launahækkunum í samræmi við þjóðhagsspár og einnig hækkun útsvars samsvarandi því, mælt í prósentum. Ástæða er til að hugleiða hvort ekki sé réttara að hækka launakostnað m.v. spá um kaupmáttaraukningu sem er 2% hvort áranna 2017 og 2018, úr því ekki er almennt gert ráð fyrir verðhækkunum í þriggja ára áætlun. Það er einnig spurning hvort spá um útsvarshækkun eigi að vera varfærnari en spá um hækkun launa eða kaupmáttar, þrátt fyrir að ekki verði gert ráð fyrir fólksfækkun í sveitarfélaginu. Ekki er gert ráð fyrir hækkun fasteignamats á þessu tímabili, en ýmislegt bendir til þess að um hana verði að ræða.

## Vinnulag við gerð tillögu til fjárhagsáætlunar 2016

Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 hófst með vinnufundi bæjarfulltrúa og sviðsstjóra 25. júní, þar sem einnig voru mættir hafnarstjóri, slökkvistjóri og forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða. Á fundinum var farið yfir framtíðarsýn og áhersluatriði rædd. Áhersluatriði sem fram komu á fundinum voru notuð til hliðssjónar við gerð fjárhagsáætlunar.

Til grundvallar fjárhagsáætlunar 2016 var lögð fjárhagsáætlun 2015 með samþykktum viðaukum og viðauka vegna launa í grunnskólum Ísafjarðarbæjar.

Að lokinni umræðu í bæjarráði um helstu forsendur fjárhagsáætlunar var gerð rammaáætlun 2016 á grundvelli þeirra forsendna. Til að endar næðu saman í þeirri áætlun voru gerðar niðurskurðarkröfur á málaflokka og deildir. Sviðsstjórum var falið, í samráði við sína forstöðumenn, að færa á milli kostnaðarliða eftir því sem þeir töldu nauðsynlegt, án þess þó að auka heildarútgjöld. Að þessu loknu voru lögð fram drög að fjárhagsáætlun til skoðunar og til umræðu.

Á vinnufundi bæjarfulltrúa með sviðsstjórum þann 13. nóvember var farið yfir þau drög að áætlun sem lágu fyrir. Ræddar voru leiðir til að ná meiri afgangi í áætlun. Einnig voru rædd ýmis áhersluatriði og tillögur nefnda sem fram komu í aðdraganda fjárhagsáætlunar. Á vinnufundinum voru gerðar ýmsar breytingar en þeirra veigamest var lækkun verðbólguforsendu úr 4,3% í 3,2% fyrir árið 2016. Önnur veigamikil breyting var niðurskurður í almennu viðhaldi um 20 m.kr. Margar aðrar breytingar voru gerðar, villur leiðréttar og verkefnum bætt inn í áætlun. Veigamestu viðbæturnar voru vegna átaks í viðhaldi gangstétta um allt sveitarfélagið, 7 m.kr. voru teknar til hliðar í hugsanlega fjárfestingarleigu á snjótroðara. Á grundvelli þessa vinnufundar var unnin tillaga til fyrri umræðu að fjárhagsáætlun 2016.

Fyrir síðari umræðu urðu svo verulegar breytingar á tillögu til fjárhagsáætlunar, sér í lagi þar sem hækka þurfti launaliði um 30,5 milljónir króna vegna endurútreikninga í Navision. Endurútreikningar á launum voru gerðir eftir yfirferð starfsfólks á launaliðum áætlunar, við skoðun á tryggingargjaldi kom í ljós villa í forritun og leiðrétting leiddi til hækkunar launatengdra gjalda í áætlun um 9,4 milljónir króna. Í framhaldinu var ákveðið að endurreikna öll laun og hækkuðu þau þá um 18 m.kr. til viðbótar. Skýringar á þessum mun gætu verið ýmsar og hugsanlega að einhverju leyti í vinnulagi við áætlun launa. Gerðar hafa verið athugasemdir við áreiðanleika launaáætlunar undanfarin ár og ljóst er að gera verður gangskör strax í að tryggja að þær séu áreiðanlegar.

Ofangreindar breytingar á launaliðum höfðu þau áhrif að mæta þurfti auknum launakostnaði með óvæntum niðurskurði til að tryggja ásættanlegan afgang. Bæjarstjórn brást við því með að samþykkja samhljóða tillögur Í-listans til lækkunar á fjárhagsáætlun um 22 milljónir króna. Áætlun var því að endingu samþykkt með afgangi upp á 23,5 milljónir króna og 433 milljóna króna veltufé frá rekstri.

## Forsendur fjárhagsáætlunar

**Útsvar** Útsvar í fjárhagsáætlun 2016 miðast við staðgreiðsluáætlun Sambandsins sem gefin var út í október 2015. Gera má ráð fyrir að sú áætlun byggi á 8,9% launavísitölu. Áætluð staðgreiðsla tekjuárið 2016 er því 1.711.791.057 kr. samanborið við 1.571.892.614 kr. árið 2015. Útsvarsprósentan 2015 verður óbreytt á milli ára eða 14,52%.

**Fasteignaskattur** Fjárhagsáætlun 2016 byggir á útreikningum úr álagningakerfi fasteignagjalda frá Þjóðskrá Íslands, þar sem gögn um eignir og gjaldendur er sótt í Fasteignaskrá og áætluð álagning reiknuð út frá fyrirliggjandi forsendum.

**Jöfnunarsjóður** Jöfnunarsjóðsframlög eru áætluð samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2016 frá því 28. október 2015.

**Fjármagn** Gert er ráð fyrir 3,2% verðbólgu árið 2016 sem byggir á spá Hagstofu frá því í nóvember 2015.

**Tekjur** Að jafnaði er gert ráð fyrir 3,2% hækkun tekna, þó er aðeins gert ráð fyrir 2% hækkun tekna í leikskólum. Tekjur á Ísafjarðarhöfn er hinsvegar áætlað að hækki talsvert meira, vegna aukinna umsvifa – sér í lagi fjölgunar farþegaskipa.

**Laun** Áætlunin er unnin út frá fyrirliggjandi kjarasamningum í nóvember 2015. Til grundvallar er gert ráð fyrir að laun hækki að jafnaði um 8,9% en laun í grunnskólum hækki um 6%. Lagt er til hliðar fyrir óloknum kjarasamningum með svokölluðum launapotti sem er 111 m.kr.

Nú er í fyrsta sinn áætlað fyrir ófyrirséðum veikindum starfsmanna. Niðurstaða útreikninga á veikindalaunum bendir til að u.þ.b. 2% af grunnlaunum sé raunhæf viðmiðun en Kópavogsbær notast einnig við það hlutfall.

**Rekstur** Samkvæmt spá Hagstofu sem birt var nú í nóvember má að jafnaði búast við að verð á vörum hækki um 3,2%. Miðað við hækkun launa má e.t.v. draga þá ályktun að verð á þjónustu hækki um 5-6%.

Gert er ráð fyrir um 5% hækkun á orkuverði og voru þeir liðir því að jafnaði hækkaðir um 5%. Eftir leiðréttingar sviðsstjóra nemur hækkun milli áætlana þó aðeins um 2,3% og stafar væntanlega af rúmri áætlun 2015.

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2016 | 2015 | 2014 | 2016 | 2015 | 2014 |
| | | Fyrri umræða | Endurskoðuð | Rauntölur | Fyrri umræða | Endurskoðuð | Rauntölur |
| Skatttekjur ............................................ | | 2.030.791 | 1.878.235 | 1.692.915 | 2.030.791 | 1.878.235 | 1.692.915 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ........................ | | 688.243 | 627.949 | 639.925 | 688.243 | 627.949 | 639.925 |
| Aðrar tekjur .......................................... | | 697.141 | 1.800.501 | 696.580 | 1.334.461 | 2.407.557 | 1.187.942 |
| | 3 | 3.416.175 | 4.306.685 | 3.029.420 | 4.053.495 | 4.913.741 | 3.520.782 |
| Laun og launatengd gjöld .................... | 4 | (2.020.134) | (1.870.191) | (1.687.301) | (2.117.462) | (1.955.361) | (1.774.531) |
| Annar rekstrarkostnaður ..................... | | (1.182.773) | (2.292.540) | (1.192.561) | (1.442.587) | (2.583.049) | (1.416.707) |
| Afskriftir fastafjármuna ....................... | 7 | (91.720) | (87.785) | (84.523) | (193.393) | (164.218) | (152.271) |
| Framlög til B-hluta stofnana ............... | 7 | 0 | 0 | (62.618) | 0 | 0 | 0 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna-tekna og fjármagnsgjalda** | | 121.549 | 56.169 | 2.416 | 300.053 | 211.113 | 177.274 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ...... | 5 | (101.723) | (106.773) | (28.090) | (276.613) | (232.433) | (98.800) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | 19.826 | (50.604) | (25.674) | 23.440 | (21.321) | 78.473 |

# Efnahagsreikningur 2016

| Eignir | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2016 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2014 | Samantekið A og B hluti 31.12.2016 | Samantekið A og B hluti 31.12.2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Fasteignir og lóðir | 7 | 2.681.482 | 2.629.928 | 4.965.305 | 4.238.426 |
| Veitukerfi, hafnamannvirki og götur | 7 | 685.660 | 417.287 | 1.615.494 | 1.380.541 |
| Vélar, áhöld og tæki | 7 | 170.931 | 163.952 | 193.164 | 189.755 |
| Eignarhlutir í félögum | 8 | 548.653 | 548.653 | 421.082 | 421.082 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 10 | 117.216 | 177.547 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur | 9 | 6.161 | 8.093 | 6.161 | 8.093 |
| | | 4.210.104 | 3.945.460 | 7.201.206 | 6.237.897 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur | 11 | 15.969 | 289.115 | 15.953 | 343.216 |
| Næsta árs og gjaldf. afb. af langtímakröfum | 9-10 | 35.012 | 30.544 | 527 | 0 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B | 10 | 406.379 | 940.979 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12 | 22.183 | 132.980 | 58.777 | 146.328 |
| Handbært fé | 12 | 5.272 | 75.420 | 9.836 | 88.795 |
| | | 484.815 | 1.469.037 | 85.092 | 578.339 |
| **Eignir** | | 4.694.919 | 5.414.497 | 7.286.298 | 6.816.236 |

# Efnahagsreikningur 2016

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2016 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2014 | Samantekið A og B hluti 31.12.2016 | Samantekið A og B hluti 31.12.2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 13 | | | | |
| Eiginfjárreikningur | | 839.060 | 988.295 | 952.765 | 987.173 |
| Eigið fé | | 839.060 | 988.295 | 952.765 | 987.173 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 14 | 1.332.461 | 1.194.421 | 1.332.461 | 1.194.421 |
| Skuldir við lánastofnanir | 15 | 1.732.369 | 2.404.668 | 4.449.959 | 3.915.553 |
| | | 3.064.830 | 3.599.089 | 5.782.421 | 5.109.974 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 111.439 | 241.864 | 154.123 | 243.587 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki B | | 376.877 | 185.814 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 15 | 184.037 | 286.234 | 278.313 | 354.841 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 118.676 | 113.200 | 118.676 | 120.661 |
| | | 791.029 | 827.113 | 551.113 | 719.089 |
| Skuldir | | 3.855.859 | 4.426.202 | 6.333.534 | 5.829.063 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 4.694.919 | 5.414.497 | 7.286.298 | 6.816.236 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2016 | 2015 EÁ | 2014 | 2016 | 2015 EÁ | 2014 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 19.826 | (50.604) | (25.674) | 23.440 | (21.321) | 78.473 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Afskriftir | 7 | 96.935 | 87.785 | 84.523 | 202.432 | 164.218 | 152.271 |
| Sölutap fastafjármuna | | 0 | 0 | 203 | 0 | 0 | (185) |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | | 0 | 0 | 1.895 | 0 | 0 | 4.101 |
| Verðb. og gengism. langtímaliða | | 50.215 | 42.698 | 19.674 | 141.336 | 92.876 | 41.106 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 14 | 66.251 | 67.289 | 110.440 | 66.251 | 67.289 | 110.440 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 233.226 | 147.168 | 191.061 | 433.460 | 303.062 | 386.206 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun | | 0 | 0 | 133.670 | 0 | 0 | 130.325 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | | 0 | 0 | (34.735) | 0 | 0 | (34.735) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 0 | 0 | 28.920 | 0 | 0 | 17.848 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 233.226 | 147.168 | 318.917 | 433.460 | 303.062 | 499.645 |
| Óinheimtar tekjur (hækkun) | | 0 | 22.833 | 0 | 0 | 9.562 | 0 |
| Skammtímaskuldir (lækkun) | | 0 | 180.000 | 0 | 0 | 152.942 | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 233.226 | 350.001 | 318.917 | 433.460 | 465.566 | 499.645 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. | 7 | (186.000) | (309.500) | (200.902) | (192.500) | (856.500) | (818.331) |
| Afborganir langtímakrafna | | 33.350 | 106.338 | 530 | 527 | 106.338 | 530 |
| Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum | | 0 | 0 | (20.000) | 0 | 0 | (20.000) |
| | | (152.650) | (203.162) | (220.372) | (191.973) | (750.162) | (837.800) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Arðgreiðslur | | 13.976 | 13.400 | 0 | 13.976 | 13.400 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 637.800 | 807.587 | 0 | 637.800 | 794.620 |
| Afborganir langtímalána | | (223.947) | (312.050) | (245.275) | (311.725) | (397.410) | (318.770) |
| Skammtímalán | | 0 | 0 | (97.434) | 0 | 0 | (122.385) |
| Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting | | 73.133 | 0 | (560.747) | 0 | 0 | 0 |
| | | (136.838) | 339.150 | (95.869) | (297.749) | 253.790 | 353.466 |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár | | (56.262) | 485.989 | 2.676 | (56.262) | (30.806) | 15.311 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 61.534 | 195 | 72.744 | 66.098 | 195 | 73.484 |
| Handbært fé í lok árs | | 5.272 | 486.184 | 75.420 | 9.836 | (30.611) | 88.795 |

**Rekstraryfirlit málaflokka**
**Fjárhagsáætlun 2016**

| | Skatttekjur | Framlög Jöfnunar-sjóðs | Aðrar tekjur | Tekjur samtals | Laun og launat.gj. | Önnur rekstrar-gjöld | Afskriftir | Gjöld samtals | Fjármagns-liðir nettó | Rekstrar niðurstaða 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður** | | | | | | | | | | |
| 00 - Skatttekjur | (2.030.791) | (688.243) | | (2.719.034) | | | | 0 | | (2.719.034) |
| 02 - Félagsþjónusta | | | (406.708) | (406.708) | 398.802 | 229.468 | | 628.270 | | 221.562 |
| 04 - Fræðslumál | | | (91.992) | (91.992) | 822.438 | 669.771 | | 1.492.210 | | 1.400.217 |
| 05 - Menningarmál | | | (16.929) | (16.929) | 52.973 | 175.627 | | 228.600 | | 211.671 |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál | | | (134.046) | (134.046) | 150.531 | 455.388 | | 605.920 | | 471.874 |
| 07 - Brunamál og almannavarnir | | | (42.062) | (42.062) | 61.786 | 50.745 | | 112.532 | | 70.469 |
| 08 - Hreinlætismál | | | (86.729) | (86.729) | | 106.003 | | 106.003 | | 19.274 |
| 09 - Skipulags- og byggingarmál | | | (19.566) | (19.566) | 27.675 | 41.280 | | 68.955 | | 49.389 |
| 10 - Umferðar- og öryggismál | | | (7.378) | (7.378) | | 226.558 | | 226.558 | | 219.179 |
| 11 - Umhverfismál | | | (9.631) | (9.631) | 25.538 | 65.617 | | 91.155 | | 81.524 |
| 13 - Atvinnumál | | | (7.323) | (7.323) | 12.159 | 44.485 | | 56.644 | | 49.320 |
| 20 - Framlög | | | | 0 | | | | 0 | | 0 |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður | | | (142.229) | (142.229) | 395.476 | 179.327 | | 574.803 | | 432.574 |
| 27 - Óvenjulegir liðir | | | | 0 | | | | 0 | | 0 |
| 28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | | 0 | | 12.082 | | 12.082 | (119.160) | (107.078) |
| **Aðalsjóður samtals** | **(2.030.791)** | **(688.243)** | **(964.595)** | **(3.683.629)** | **1.947.378** | **2.256.352** | **0** | **4.203.730** | **(119.160)** | **400.942** |
| | | | | | | | | | | |
| **Aðrir sjóðir A-hluta** | | | | | | | | | | |
| 31 - Eignasjóður, rekstur | | | (833.117) | (833.117) | 11.059 | 96.192 | 87.760 | 195.012 | 220.883 | (417.223) |
| 33 - Þjónustumiðstöð, rekstur | | | (105.737) | (105.737) | 61.697 | 36.536 | 3.960 | 102.193 | | (3.545) |
| Millifærslur A-hluta | | | 1.206.308 | 1.206.308 | | (1.206.308) | | (1.206.308) | | 0 |
| **A-hluti samtals** | **(2.030.791)** | **(688.243)** | **(697.141)** | **(3.416.175)** | **2.020.134** | **1.182.773** | **91.720** | **3.294.627** | **101.723** | **(19.826)** |
| | | | | | | | | | | |
| **Sjóðir B-hluta** | | | | | | | | | | |
| 41 - Hafnarsjóður, rekstur | | | (250.020) | (250.020) | 72.957 | 54.431 | 20.512 | 147.900 | 14.505 | (87.615) |
| 43 - Vatnsveita, rekstur | | | (76.973) | (76.973) | | 49.738 | 11.222 | 60.960 | | (16.012) |
| 53 - Þjónustuíbúðir, rekstur | | | (92.196) | (92.196) | 15.213 | 85.525 | 6.292 | 107.030 | 8.858 | 23.692 |
| 55 - Eyri hjúkrunarheimili, rekstur | | | (62.409) | (62.409) | | 9.079 | 32.134 | 41.213 | 82.455 | 61.258 |
| 57 - Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. | | | (116.765) | (116.765) | 9.158 | 56.568 | 23.843 | 89.569 | 63.558 | 36.362 |
| 61 - Fráveita, rekstur | | | (68.170) | (68.170) | | 41.301 | 5.298 | 46.599 | 4.251 | (17.320) |
| 63 - Funi, rekstur | | | (10.081) | (10.081) | | 2.465 | 2.371 | 4.837 | 1.264 | (3.980) |
| Millifærslur B-hluta | | | 39.294 | 39.294 | | (39.294) | | (39.294) | | 0 |
| **A- og B-hluti samtals** | **(2.030.791)** | **(688.243)** | **(1.334.461)** | **(4.053.495)** | **2.117.462** | **1.442.587** | **193.393** | **3.753.442** | **276.613** | **(23.440)** |

**EFNAHAGSREIKNINGUR - Áætlun 2016**

| | Samstæðan | A-hluti | B-hluti | Aðalsjóður | Eignasjóður | Þjónustu-miðstöð | Hafnarsjóður | Vatnsveita | Þjónustu-íbúðir | Hjúkrunar-heimilið Eyri | Fasteignir Ísafjarðar-bæjar ehf | Fráveita | Funi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | | | | | | | |
| **Fastafjármunir** | | | | | | | | | | | | | |
| **Varanlegir fastafjármunir** | | | | | | | | | | | | | |
| Fasteignir | 4.965.305.466 | 2.681.481.906 | 2.283.823.560 | 77.970.341 | 2.597.173.001 | 6.338.564 | 5.784.113 | 0 | 363.589.062 | 1.262.797.642 | 641.562.574 | 0 | 10.090.169 |
| Veitukerfi, hafnarmannvirki | 1.615.493.600 | 685.659.911 | 929.833.689 | 0 | 685.659.911 | 0 | 527.865.773 | 273.639.831 | 0 | 0 | 0 | 128.328.085 | |
| Vélar, áhöld og tæki | 193.164.037 | 170.931.344 | 22.232.693 | 0 | 159.988.551 | 10.942.793 | 17.051.431 | 0 | 721.639 | 0 | 0 | 0 | 4.459.623 |
| Þar af framkvæmdir ársins | 192.500.000 | 186.000.000 | 6.500.000 | 0 | 186.000.000 | 0 | 6.500.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Varanlegir rekstrarfjárm. alls** | **6.773.963.103** | **3.538.073.161** | **3.235.889.942** | **77.970.341** | **3.442.821.463** | **17.281.357** | **550.701.317** | **273.639.831** | **364.310.701** | **1.262.797.642** | **641.562.574** | **128.328.085** | **14.549.792** |
| **Áhættufjármunir og langt.kröfur** | | | | | | | | | | | | | |
| Eignarhluti í félögum | 421.081.674 | 548.652.947 | 0 | 548.652.947 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur | 6.688.531 | 6.688.531 | 0 | 6.688.531 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirt. | 0 | 151.700.612 | 0 | 1.229.950.040 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Næsta árs afb. langtímakrafna | -527.376 | -35.011.726 | 0 | -107.918.676 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Áhættufjárm. og langt.kr. alls** | **427.242.829** | **672.030.364** | **0** | **1.677.372.842** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Fastafjármunir alls** | **7.201.205.932** | **4.210.103.525** | **3.235.889.942** | **1.755.343.183** | **3.442.821.463** | **17.281.357** | **550.701.317** | **273.639.831** | **364.310.701** | **1.262.797.642** | **641.562.574** | **128.328.085** | **14.549.792** |
| **Veltufjármunir** | | | | | | | | | | | | | |
| **Skammtímakröfur** | | | | | | | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 15.952.647 | 15.968.988 | -16.341 | 15.968.988 | 0 | 0 | -16.341 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Næstaárs afborgun langtímakr. | 527.376 | 35.011.726 | 0 | 107.918.676 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrit. | 0 | 406.379.448 | 376.876.904 | 1.332.005.702 | 0 | 0 | 46.612.235 | 260.028.120 | 0 | 0 | 0 | 68.030.078 | 2.206.471 |
| Aðrar skammtímakröfur | 58.776.728 | 22.183.491 | 36.593.237 | 22.183.491 | 0 | 0 | 21.373.244 | 2.482.117 | 1.566.715 | 0 | 8.825.343 | 0 | 2.345.818 |
| **Skammtímakröfur alls** | **75.256.751** | **479.543.653** | **413.453.800** | **1.478.076.857** | **0** | **0** | **67.969.138** | **262.510.237** | **1.566.715** | **0** | **8.825.343** | **68.030.078** | **4.552.289** |
| Handbært fé | 9.835.594 | 5.271.756 | 4.563.838 | 5.271.756 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.563.838 | 0 | 0 |
| **Veltufjármunir alls** | **85.092.345** | **484.815.409** | **418.017.638** | **1.483.348.613** | **0** | **0** | **67.969.138** | **262.510.237** | **1.566.715** | **0** | **13.389.181** | **68.030.078** | **4.552.289** |
| **Eignir alls** | **7.286.298.277** | **4.694.918.934** | **3.653.907.580** | **3.238.691.796** | **3.442.821.463** | **17.281.357** | **618.670.455** | **536.150.068** | **365.877.416** | **1.262.797.642** | **654.951.755** | **196.358.163** | **19.102.081** |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | | | | | | | | |
| **Eigið fé** | | | | | | | | | | | | | |
| Eigið fé | -929.324.701 | -819.233.945 | -237.662.029 | -1.699.629.199 | 789.841.412 | 90.553.842 | -346.309.229 | -520.137.582 | 70.545.169 | 0 | 665.619.797 | -129.014.230 | 21.634.046 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | -23.440.050 | -19.825.570 | -3.614.480 | 400.941.640 | -417.222.538 | -3.544.672 | -87.615.039 | -16.012.486 | 23.692.214 | 61.258.432 | 36.361.971 | -17.319.519 | -3.980.053 |
| **Eigið fé alls** | **-952.764.751** | **-839.059.515** | **-241.276.509** | **-1.298.687.559** | **372.618.874** | **87.009.170** | **-433.924.268** | **-536.150.068** | **94.237.383** | **61.258.432** | **701.981.768** | **-146.333.749** | **17.653.993** |
| **Skuldir** | | | | | | | | | | | | | |
| **Skuldbindingar** | | | | | | | | | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | -1.332.461.193 | -1.332.461.193 | 0 | -1.332.461.193 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Skuldbindingar alls** | **-1.332.461.193** | **-1.332.461.193** | **0** | **-1.332.461.193** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Langtímaskuldir** | | | | | | | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | -4.728.272.822 | -1.916.406.728 | -2.811.866.094 | -551.546 | -1.915.855.182 | 0 | -184.745.618 | 0 | 0 | -1.276.115.227 | -1.314.249.175 | 0 | -36.756.074 |
| Næsta árs afb. langtímalána | 278.313.392 | 184.037.447 | 128.760.295 | 0 | 256.944.397 | 0 | 24.581.653 | 0 | 23.302.372 | 29.977.317 | 34.880.121 | 11.181.978 | 4.836.854 |
| Skuldir á eigin fyrirtæki | 0 | 0 | -151.700.612 | 0 | -1.075.924.778 | -2.324.650 | 0 | 0 | -101.676.198 | 0 | 0 | -50.024.414 | 0 |
| **Langtímaskuldir alls** | **-4.449.959.430** | **-1.732.369.281** | **-2.834.806.411** | **-551.546** | **-2.734.835.563** | **-2.324.650** | **-160.163.965** | **0** | **-78.373.826** | **-1.246.137.910** | **-1.279.369.054** | **-38.842.436** | **-31.919.220** |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | | | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | -154.123.166 | -111.438.818 | -42.684.348 | -111.438.818 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -42.684.348 | 0 | 0 |
| Næsta árs afb. langtímalána | -278.313.392 | -184.037.447 | -128.760.295 | 0 | -256.944.397 | 0 | -24.581.653 | 0 | -23.302.372 | -29.977.317 | -34.880.121 | -11.181.978 | -4.836.854 |
| Skuldir á eigin fyrirtæki | 0 | -376.876.904 | -406.379.448 | -376.876.904 | -823.825.047 | -101.801.207 | 0 | 0 | -358.438.601 | -47.940.847 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | -118.676.345 | -118.675.776 | -569 | -118.675.776 | 164.670 | -164.670 | -569 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Skammtímaskuldir alls** | **-551.112.903** | **-791.028.945** | **-577.824.660** | **-606.991.498** | **-1.080.604.774** | **-101.965.877** | **-24.582.222** | **0** | **-381.740.973** | **-77.918.164** | **-77.564.469** | **-11.181.978** | **-4.836.854** |
| **Skuldir og skuldb. samtals** | **-6.333.533.526** | **-3.855.859.419** | **-3.412.631.071** | **-1.940.004.237** | **-3.815.440.337** | **-104.290.527** | **-184.746.187** | **0** | **-460.114.799** | **-1.324.056.074** | **-1.356.933.523** | **-50.024.414** | **-36.756.074** |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **-7.286.298.277** | **-4.694.918.934** | **-3.653.907.580** | **-3.238.691.796** | **-3.442.821.463** | **-17.281.357** | **-618.670.455** | **-536.150.068** | **-365.877.416** | **-1.262.797.642** | **-654.951.755** | **-196.358.163** | **-19.102.081** |

**SJÓÐSSTREYMI - Áætlun 2016**

| | Samstæðan | A-hluti | B-hluti | Aðalsjóður | Eignasjóður | Þjónustu-miðstöð | Hafnarsjóður | Vatnsveita | Þjónustu-íbúðir | Hjúkrunar-heimilið Eyri | Fasteignir Ísafjarðar-bæjar ehf | Fráveita | Funi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfinar** | | | | | | | | | | | | | |
| Niðurstöður ársins | 23.440.050 | 19.825.570 | 3.614.480 | -400.941.640 | 417.222.538 | 3.544.672 | 87.615.039 | 16.012.486 | -23.692.214 | -61.258.432 | -36.361.971 | 17.319.519 | 3.980.053 |
| **Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi** | | | | | | | | | | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 202.432.225 | 96.935.049 | 105.497.176 | 5.215.000 | 87.760.313 | 3.959.736 | 21.512.065 | 11.721.914 | 6.391.995 | 32.133.747 | 25.407.982 | 5.298.001 | 3.031.472 |
| Verðbætur og gengismunur | 179.531.922 | 88.410.245 | 91.121.677 | 0 | 88.410.245 | 0 | 5.718.908 | 0 | 3.282.463 | 39.502.894 | 40.577.237 | 1.575.137 | 465.038 |
| Verðb. og gengism. langt. krafna | -38.195.581 | -38.195.581 | 0 | -38.195.581 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 66.250.946 | 66.250.946 | 0 | 66.250.946 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Veltufé frá rekstri** | **433.459.562** | **233.226.229** | **200.233.333** | **-367.671.275** | **593.393.096** | **7.504.408** | **114.846.012** | **27.734.400** | **-14.017.756** | **10.378.209** | **29.623.248** | **24.192.657** | **7.476.563** |
| **Handbært fé frá (til) rekstri** | **433.459.562** | **233.226.229** | **200.233.333** | **-367.671.275** | **593.393.096** | **7.504.408** | **114.846.012** | **27.734.400** | **-14.017.756** | **10.378.209** | **29.623.248** | **24.192.657** | **7.476.563** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | | | | | | | |
| Fjárf. í varanl. rekstrarfjármunum | -192.500.000 | -186.000.000 | -6.500.000 | 0 | -186.000.000 | 0 | -6.500.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímakrafna | 527.376 | 33.349.646 | 0 | 102.742.632 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fengnar arðgreiðslur | 13.976.200 | 13.976.200 | 0 | 13.976.200 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Fjárfestingahreyfingar alls** | **-177.996.424** | **-138.674.154** | **-6.500.000** | **116.718.832** | **-186.000.000** | **0** | **-6.500.000** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán | | | | | | | | | | | | | |
| Afborganir langtímalána | -311.725.439 | -223.947.369 | -120.600.340 | -19.393.938 | -273.946.417 | 0 | -23.995.517 | 0 | -22.179.241 | -29.517.448 | -34.265.105 | -10.643.029 | 0 |
| Eigin fyrirtæki, breyting | | 73.132.993 | -73.132.993 | 214.084.080 | -133.446.679 | -7.504.408 | -84.350.495 | -27.734.400 | 36.196.997 | 19.139.239 | 4.641.857 | -13.549.628 | -7.476.563 |
| **Fjármögnunarhreyfingar alls** | **-311.725.439** | **-150.814.376** | **-193.733.333** | **194.690.142** | **-407.393.096** | **-7.504.408** | **-108.346.012** | **-27.734.400** | **14.017.756** | **-10.378.209** | **-29.623.248** | **-24.192.657** | **-7.476.563** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **-56.262.301** | **-56.262.301** | **0** | **-56.262.301** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 66.097.895 | 61.534.057 | 4.563.838 | 61.534.057 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.563.838 | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | **9.835.594** | **5.271.756** | **4.563.838** | **5.271.756** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **4.563.838** | **0** | **0** |

# Kennitölur - Skuldahlutfall

| | Sveitarsjóður | | Sveitarsjóður | |
|---|---|---|---|---|
| | ÁÆ 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
| Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA)................... | 213.269 | 80.168 | 79.030 | 362.467 |
| Hlutf. reglul. tekna af heildar skuldum og skuldb....................... | 112,87% | 117,71% | 128,98% | 122,21% |
| Skuldahlutfall a.t.t.t lífeyrisskuldbindinga (15ár).......................... | 100,20% | 100,71% | 114,03% | 107,11% |

| | Samantekinn ársreikningur | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | ÁÆ 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
| Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA)................... | 493.445 | 396.878 | 321.666 | 626.179 |
| Hlutf. reglul. tekna af heildar skuldum og skuldb....................... | 156,25% | 160,84% | 167,45% | 148,44% |
| Skuldahlutfall a.t.t.t lífeyrisskuldbindinga (15ár).......................... | 145,57% | 146,32% | 154,58% | 135,37% |
| **Skuldahlutfall a.t.t.t. leiguskuldbindinga frá ríkissj..........** | **128,68%** | **127,70%** | **132,41%** | **135,37%** |
| Hlutf. regl.tekna af heildar skuld&skuldb. (án Fastís) .............. | 97,30% | 97,19% | 97,34% | 101,76% |

Í ofangreindum forsendum er miðað við að á árinu 2016 verði núvirt leiguverð 762 milljónir, leiguverðið 60,4 milljónir króna og lífeyrisskuldbinding til frádráttar 433 milljónir króna. EFS lítur svo á að ekki sé heimilt að nýta undanþágu vegna hjúkrunarheimila við útreikning skuldaviðmiðs fyrr en fasteignin er tilbúin og byrjað er að greiða leigugreiðslur. Hjúkrunarheimilið var tekið í notkun í ágúst 2015 og var núvirt fjárhæð þeirra leigugreiðslna sem ríkið mun greiða á eftirstöðvum samningstímans vegna byggingarkostnaðar um 772 milljónir króna árið 2015 og leiguverðið 25 milljónir króna.

Með gildistöku sveitarstjórnarlaga árið 2012 var það ákvæði sett á að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt þeim reikniaðferðum sem lýst er í IV. kafla reglugerðar 502/2012.

**Þar segir:**
Við útreikning á skuldahlutfalli skv. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skal taka tillit til allra skulda og skuldbindinga, þar á meðal langtímaskulda, skuldbindinga vegna leigu- og rekstrarsamninga, lífeyrisskuldbindinga, annarra skuldbindinga og skammtímaskulda.

Við útreikning á skuldaviðmiði skv. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og b-lið 6. gr. reglugerðar þessarar skal fylgja eftirfarandi reikniaðferðum:

*Leiguskuldbinding frá ríkissjóði:* Ef sveitarfélag hefur gert samning við ríkissjóð um fjármögnun verkefna um fasteignir, sem felur m.a. í sér langtímaskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs um stöðugar tekjur af fjárfestingunni, er heimilt að draga frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirta fjárhæð þess hluta leiguverðsins á samningstíma, sem ætlaður er vegna fjárfestingarinnar. Við útreikninginn skal jafnframt draga frá fjárhæð leiguverðsins. Forsenda fyrir frádrætti er að upplýsingar um núvirta fjárhæð leigusamnings vegna fjárfestingarinnar komi fram í skýringum ársreiknings ásamt fjárhæð leiguverðs vegna viðkomandi reikningsárs.
*Lífeyrisskuldbindingar:* Draga skal frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár og síðar. Forsenda fyrir frádrættinum er að fram komi í skýringum ársreiknings upplýsingar um skiptingu núvirðis lífeyrisskuldbindinga vegna greiðslu lífeyris næstu 15 árin og eftir það.
*Hreint veltufé:* Sé hreint veltufé jákvætt skal draga það frá heildarskuldum og skuldbindingum.

# Kennitölur - markmið um niðurstöður

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gaf út haustið 2013 viðmið um rekstrarniðurstöður sveitarfélaga út frá skuldsetningu þeirra.

**Lágmarksviðmið**

| Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlufall af tekjum | 50% | 100% | **150%** | 200% |
|---|---|---|---|---|
| Framlegð sem hlutfall af tekjum | 5,0% | 10,0% | **15,0%** | 20,0% |
| Rekstrarniðurstaða | >0 | >0 | **>0** | >0 |
| Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum | 2,5% | 5,0% | **7,5%** | 10,0% |
| Veltufé frá rekstri á móti afborunum lána og skuldbindinga | >1,0 | >1,0 | **>1,0** | >1,0 |
| Ný lántaka / fjárfesting sem hlutfall af skuldum | 5,0% | 5,0% | **5,0%** | 2,5% |
| Endurgreiðslutími skulda | 20 ár | 20 ár | **20 ár** | 20 ár |
| Veltufjárhlutfall | >1,0 | >1,0 | **>1,0** | >1,0 |
| Viðmið vaxta | 5,0% | 5,0% | **5,0%** | 5,0% |
| Aðlögunartími | | | | 10 ár |

**Ísafjarðarbær**

| Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlufall af tekjum | ÁÆ 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|
| Framlegð | 597.496 | 611.848 | 427.909 | 698.010 |
| Framlegð sem hlutfall af tekjum | 14,7% | 15,4% | 12,2% | 19,4% |
| Rekstrarniðurstaða | 23.440.049 | 34.305.158 | 70.594.851 | 302.098 |
| Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum | 10,693% | 13,092% | 10,982% | 18,741% |
| Veltufé frá rekstri á móti afborunum lána og skuldbindinga | 1,39 | 1,51 | 1,21 | 1,78 |
| Ný lántaka/fjárf. sem hlutf. af skuldum (m. hjúkrunarh) | 0,0% | 11,6% | 13,5% | 3,0% |
| Ný lántaka/fjárf. sem hlutf. af skuldum (m. hjúkrunarh) | 0,0% | 4,0% | 13,5% | 3,0% |
